LISTIR

MYNDLIST

Kjarvalsstaðir/ Dagsljós/ Morgunblaðið

BLÖNDUÐ TÆKNI

Samsýning. Opið kl. 10-18 alla daga til 12. maí. Aðgangur 300 kr. (gildir á allar sýningar). Sýningarskrá 200 kr.

„Do it“

MARGAR nýjungar í nútímalist síðustu áratuga hafa átt erfitt með að ná til almennings, og má þar einkum kenna um lélegri listfræðslu til að byggja á. Hugmyndalist hefur t.d. oftar en ekki fengið á sig neikvæðan blæ, þar sem forsendurnar hafa verið framandi og listafólk jafnvel lagt lítið upp úr því að hjálpa almenningi að nálgast hið nýja í listinni.

Þetta hefur verið að breytast um nokkurt skeið hér á landi jafnt sem erlendis. Bæði fer listfræðsla batnandi, fjölmiðlar eru að verða örlítið virkari þátttakendur í henni, og listasöfn hafa lagt vaxandi áherslu á að þau séu þjónustustofnanir fyrir allan almenning, ekki aðeins fyrir hina innvígðu.

Það er úr þessum jarðvegi sem hugmyndin að „Do it“ er sprottin. Fyrirmælaverkin eru hluti af hugmyndalist samtímans og hafa lengi verið til, en fyrst og fremst í stöku formi einstakra verka þekktra listamanna. Hans Ulrich Obrist, ungur safnstjóri í Austurríki og Frakklandi, er maðurinn að baki þeirri skipulegu framsetningu fyrirmælaverka, sem hér eru unnin í samvinnu við rúmlega fimmtíu listamenn frá öllum heimshornum. Tólf verk eru sett upp í vestursal Kjarvalsstaða eftir fyrirmælum þeirra, á annan tug verða sýnd í sjónvarpi og tæplega þrjátíu birtast á síðum þessa blaðs yfir sýningartímann.

Hér má finna ýmis þekkt nöfn í hópi þátttakenda, og nægir að nefna Ilya Kabakov, Alison Knowles, Bertrand Lavier, Allan Kaprow, John Baldessari, Nam June Paik, Yoko Ono, Damien Hirst og Gilbert & George til sögunnar. Slíkir aðilar leggja þessu framtaki tæpast lið nema vegna þess að þeim þyki það verðugt, en alls munu nú um eitt hundrað og þrjátíu listamenn vera orðnir þátttakendur í „Do it“ sýningum sem Obrist hefur haft forgöngu um.

Framkvæmd sem þessi vekur upp ýmsar spurningar um eðli listar og hlutverk þeirra sem að henni koma. Hefðbundin myndlist gerir ráð fyrir því að sá sem á frumkvæðið að listsköpuninnni, á hugmyndina að listaverkinu og skapar það sé einn og sami aðilinn, þ.e. myndlistarmaðurinn. Hér eru þessi hlutverk brotin upp í þátt þess sem á frumkvæðið (sýningarstjórans), hugmyndina (listamannsins), þess sem framkvæmir (sem stundum er tilgreint af hugmyndasmiðnum, en gæti í öðrum tilvikum verið hver sem er) - og sá sem á að njóta þessa alls, gesturinn, getur greinilega komið inn í þetta síðasta hlutverk. Og næsta spurning er augljós: Getur þá „hver sem er“ verið listamaður?

Mikil þátttaka í sköpun listaverks hefur ekki verið hefðbundin í myndlist, en er talin sjálfsögð í öðrum greinum. Tónlist er afrakstur hugmyndar (tónsmíðar) og framkvæmdar (flutnings); bæði tónskáld og tónlistarfólk er skilgreint sem listamenn. Leiklist er samsvarandi afrakstur hugmyndar (leikritunar) og framkvæmdar (flutnings); leikskáld, leikarar, og leikstjórar eru viðurkenndir sem listamenn. Annars staðar er vafinn meiri; rithöfundar (hugmyndasmiðirnir) eru taldir listamenn, en bókagerðarmenn (þeir sem þó færa hugmyndina í form) síður; arkitektar eru taldir listamenn, en byggingariðnaðarmenn ekki.

Skilningur okkar á tengslum hugmynda og framkvæmdar listsköpunar reynast þannig nokkuð á reiki, og „Do it“ vekur athygli á þessari tvíræðni með því að nýta hana við framkvæmdina. Í dæmunum um tónlist, leiklist og byggingarlist er hins vegar oftast gert ráð fyrir að njótandinn, gesturinn, sé aðgerðarlaus - listin kemur til hans. Hér er hins vegar verið að færa listina til fólksins í þeim skilningi að “hver sem er“ getur orðið þátttakandi með því að fylgja fyrirmælum einstakra verka sér og öðrum til skemmtunar.

Í sýningarskrá er að finna heildaryfirlit yfir öll svið þessarar framkvæmdar, þ.e. þau fyrirmæli sem fylgt er á sýningunni á Kjarvalsstöðum, í Morgunblaðinu og tilvísanir í sjónvarpsfyrirmælin. Í raun er skráin ekki aðeins heimild um sýningarhaldið, heldur gestum einnig nauðsynlegur þáttur þess; með hana í hendi er auðvelt að meta á hvern hátt fyrirmælunum hefur verið framfylgt, og jafnvel hægt að sinna þeim á eigin forsendum.

Það er helsti veikleiki þessa framtaks, að fyrirmælin eru ekki öll jafn áhugaverð, og á stundum óþarflega flókin. Hin bestu eru stutt og hnitmiðuð; á Kjarvalsstöðum má nefna fyrirmæli Mariu Eichhorn, Ilya Kabakov og Bertrand Lavier (sem er um leið ágætt skot á listgagnrýnendur); í dagblaðsformi má benda á fyrirmæli Hugo Suder, Allan Kaprow og Ugo Rondinone, og í sjónvarpi hafa fyrirmæli Gilbert & George og Michelangelo Pistoletto borið af (hingað til).

Það er ágæt rúsína í enda þessarar margþættu pylsu að vísa til raunveruleika, sem þó er einnig á jaðri hins fáránlega. Íþróttafólk kannast við vörumerki sem á sér svipað slagorð og heiti sýningarinnar, og við útganginn á Kjarvalsstöðum hefur verið komið fyrir eintaki af þeim flottasta (og dýrasta) fótabúnaði sem framleiddur er undir þessu heiti. Þyki mönnum fyrirmælaverkin skorta jarðsamband, þá ætti þessi viðbót að sannfæra hvern sem er um að það er aðeins spurning um viðhorf - annað ekki.

Eiríkur Þorláksson

Kristján Jóhannsson með Sinfóníuhljómsveitinni

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT Íslands flytur í næstu viku óperuna Otello eftir Giuseppe Verdi í konsertuppfærslu í Háskólabíói. Verður það gert í tvígang: Fimmtudaginn 9. maí kl. 20. og laugardaginn 11. maí kl. 17.



Kristján Jóhannsson

Í titilhlutverki verður Kristján Jóhannsson tenór og verður þetta í fyrsta sinn sem hann syngur hlutverk Otellos. Önnur hlutverk verða í höndum Luciu Mazzaria, Antonio Marceno og Alan Titus sem koma frá Ítalíu og íslensku söngvaranna Alinu Dubik, Lofts Erlingssonar, Jóns Rúnars Arasonar og Sigurðar Skagfjörð Steingrímssonar. Þá hefur Kór Íslensku óperunnar stóru hlutverki að gegna. Hljómsveitarstjóri verður Rico Saccani.

Tónlistarvor í Fríkirkjunni

TÓNLEIKAR helgaðir hljóðfæraleik, þeir fyrstu af þremur tónleikum í tónleikaröð sem nefnd er Tónlistarvor Fríkirkjunnar, verða haldnir í Fríkirkjunni þriðjudaginn 7. maí næstkomandi kl. 20.30.

Flytjendur eru Auður Hafsteinsdóttir fiðla, Ilka Petrova þverflauta, Violeta Smid orgel og Pavel Smid orgel.

Burtfararpróf í Listasafni Íslands

TÓNLEIKAR verða haldnir á vegum Tónlistarskólans í Reykjavík í Listasafni Íslands, þriðjudaginn 7. maí kl. 20.30. Tónleikarnir eru burtfararpróf Hrafnkels Orra Egilssonar sellóleikara frá skólanum. Kristinn Örn Kristinsson leikur með á píanó.



Hrafnkell Orri Egilsson

Á efnisskrá eru Svíta nr. 2 í d-moll BWV 1008 fyrir einleiksselló eftir J.S. Bach, Sónata fyrir selló og píanó nr. 3 í A-dúr op. 69 eftir Beethoven, Tilbrigði um slóvakískt þjóðlag eftir Martinu og Sónata fyrir selló og píanó í g-moll op. 65 eftir Chopin.

Aðgangseyrir er 300 kr.



LISTMUNIR eftir Guðbjörgu.

Guðbjörg sýnir í Smíðar & skart

NÚ STENDUR yfir kynning á listmunum Guðbjargar Káradóttur í galleríi Smíðar & skart á Skólavörðustíg 16A.

Guðbjörg leggur áherslu á nytjalistmuni og hefur meðal annars sérhæft sig í vinnslu matar- og kaffistella. Hún lauk námi frá Myndlista- og handíðaskóla Íslands árið 1994, hún hefur einnig farið í námsdvöl erlendis. Kynningin á verkum Guðbjargar stendur til 21. maí og er opin á verslunartíma frá kl. 11-18 virka daga og 11-14 laugardaga.

STYRKUR TIL TÓNLISTARNÁMS

Minningarsjóður um Jean Pierre Jacquillat mun á þessu ári veita tónlistarfólki styrk til framhaldsnáms erlendis á næsta skólaári, 1996–1997.

Veittur verður einn styrkur að upphæð 500.000 kr. Verður þetta fimmta úthlutun sjóðsins.

Umsóknir með upplýsingum um námsferil og framtíðaráform sendist fyrir 15. maí nk. til formanns sjóðsins:

Erlendar Einarssonar
Selvogsgrunni 27
104 Reykjavík

Umsóknum fylgi hljóðritanir, raddskrár frumsaminna verka og/eða önnur gögn sem sýna hæfni umsækjanda.

Blóðsuga í Brooklyn

KVIKMYNDIR

Háskólabíó

VAMPÍRA Í BROOKLYN
„Vampire In Brooklyn“ ★

Leikstjóri: Wes Craven. Handrit: Charles Murphy, Michael Lucker og Chris Parker. Aðalhlutverk: Eddie Murphy, Angela Bassett, Allen Payne, Kadeem Hardison, Zakes Mokae. Paramount. 1995.

GAMANHROLLVEKJUR eru viðsjárverð kvikindi og hafa ekki heppnast sérlega vel í seinni tíð. Annars vegar er búin til hrollvekjandi spenna og hins vegar hryllingsblandað gaman en þetta tvennt nær yfirleitt ekki að vinna saman. Útkoman er hvorki hrollvekja né gamanmynd heldur einhver óspennandi og ómerkileg blanda af hvoru tveggja. Þannig bastarður er nýjasta mynd Eddies Murphys, Vampíra í Brooklyn, sem meistari unglingahrollvekjunnar, Wes Craven, leikstýrir.

Ekki bætir úr skák að sagan er að nokkru leyti fengin úr annarri og betri Murphymynd, nefnilega „Coming to America“. Þar lék hann afríska prins sem fann sér konu í Bandaríkjunum. Í vampírumyndinni leikur hann prins myrkraaflanna sem kemur til Bandaríkjanna að leita sér að kvonfangi. Í fyrrnefndu myndinni tók Murphy á sig ýmis skemmtileg gerfi með hjálp förðunarmeistara og það sama gerir hann hér. Konan sem hann girnist sem vampíra er leikin af Angelu Bassett. Hún hefur þó einhverja leikhæfileika sem gleðja augað og það ætti engum að koma sérstaklega á óvart að hún gerir meira fyrir þessa mynd en myndin gerir fyrir hana.

Handritið er skrifað meira af vilja en mætti og efnistökin eru lítt frumleg. Murphy er pinnstífur sem svartur Drakúla og berar tennurnar sannfærandi; líklega er leitun að svalari Drakúla. Eins og klisjan kennir okkur þolir hann ekki dagsljósið, býr í kistu, er ekki kirkjusækinn og hræðist trefleyga. Murphy lætur aðstoðarmann Drakúla um gamanið sem snýst að mestu leyti um hvernig andlitið dettur smátt og smátt af honum. Ekkert er spennandi í myndinni þrátt fyrir nokkra tilburði Cravens í þá veru að skapa ódýran hroll. Ekki er hún heldur fyndin svo neinu nemur.

Ferill Eddie Murphy hefur nú um langt skeið verið mjög á niðurleið og með sama áframhaldi verður hann gleymdur og grafinn um ókomna tíð.

Arnaldur Indriðason

Nýjar bækur

● ***LEIÐBEININGAR um alhliða kynfræðslu í skólum*** er komin út. Bókin er þýðing úr ensku á ***Guidelines for Comprehensive Sexuality Education*** og er þýðandinn ***Jóna Ingibjörg Jónsdóttir,*** hjúkrunarfræðingur og fræðslustjóri Kynfræðslumiðstöðvar Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur.

Bókin samanstendur af leiðbeiningum sem settar voru saman af bandarískum vinnuhópi sem skipaður var fremstu sérfræðingum í kynferðis-, heilsufars- og uppeldismálum. Í þýðingu leiðbeininganna var leitast við að laga þær að íslenskum aðstæðum og í því skyni var leitað til ýmissa einstaklinga, félagasamtaka, opinberra stofnana og embætta.

Bókin er 74 blaðsíður í A-4 stærð og skiptist í kaflana: Markmið og lífsgildi, Uppbygging leiðbeininganna og nýting þeirra, Þroskaferli mannsins, Sambönd, Persónuleg færni, Kynhegðun, Kynlífsheilbrigði, Menning og samfélag. Í viðauka er heimildaskrá yfir íslenskt efni í kynfræðslu.

Leiðbeiningarnar eru fyrstu tillögur sem lagðar eru fram hérlendis að ramma, eða grunni, fyrir alhliða kynfræðslu í skólum. Kennarar geta notað leiðbeiningarnar sem fræðilegan grundvöll kennslu. Einnig geta þær komið að gagni í námi kennara eða starfsþjálfun.

Bókin kostar 1.000 kr. og er til sölu á Heilsuverndarstöð Reykjavíkur, Barnónsstíg 47, 101 Reykjavík. Þar má einnig panta hana.